SÍMINN VARÐ RAUÐ-GLÓANDI

„Já, það er öruggt að einverjar auglýsingarnar í Vísi eru lesnar. Um daginn, þegar þessi auglýsing birtist, var síminn hjá okkur rauðglóandi, og látunum linnti ekki næstu daga á eftir. Það hefur aldrei áður gerzt í sögu fyrirtækisins, að svona mikið hafi verið hringt á svona stuttum tíma," sagði Matthías Guðmundsson framkvæmdastjóri hjá Agli Vilhjálmssyni h.f í viðtali við Vísi.

Ástæðan fyrir því að síminn varð svo rauðglóandi hjá Agli, var sú, að þriðjudag einn fyrir nokkru kom auglýsing í Vísi, þar sem Jeppster-jeppar voru auglýstir á 489 þús. kr. Kannski er ekki alveg rétt að segja að það eitt að auglýsa jeppann hafi skapað þessa miklu eftirspurn eftir honum. Það urðu nefnilega einhver mistök við birtingu auglýsingarinnar, sem ollu því að verð jeppans var auglýst á 2. hundrað þúsund krónum of lágt.

Matthías sagði að sumir hefðu sem vonlegt var, orðið óánægðir þegar þeir heyrðu það rétta í málinu.

„En flestir skildu það að hér var um mannleg mistök að ræða."

Það var því enginn, sem gekk út frá Agli Vilhjálmssyni þann dag, með jeppa, sem kostaði stórri summu minna en daginn áður.

„Ég vona að enginn viðskiptavina okkar hafi firrzt við þetta. Annars er verðið á jeppanum, eins og það er raunverulega, alls ekki svo hátt. Þeir kosta núna 610 - 620 þúsund, sem ég tel vera mjög gott verð," sagði Matthías að lokum.

Og það þarf varla að taka það fram að Vísir biðst margfaldlega afsökunar á þessum leiðu mistökum. En það fer ekki á milli mála að einhverjir hafa lesið auglýsinguna.

Annars berast daglega sannanir um áhrifamátt auglýsinga okkar á Vísi. Einn auglýsti tveggja dálka auglýsingu og óskaði eftir fólki til að þýða greinar í tímarit. Hann fékk á einum degi 88 tilboð, og þá var ekki um annað að gera en að stöðva flóðbylgjuna, en hringt var þann dag allan og þann næsta, og eitthvað kom marga daga á eftir. Þá auglýsti einn Benzinn sinn til sölu. Tilboðin urðu yfir 30, enda þótt hér væri aðeins um smáauglýsingu að ræða. Fyrsti maðurinn, sem kom á staðinn fór akandi á fína Benzinum og hafði gengið frá samningnum.

-ÓH.

„Frímerkið eina gullið sem við eigum eftir"

— segir Gísli Sigurbjörnsson forstjóri og frímerkjasafnari

„Það eru svo miklar upphæðir sem liggja í sumum frímerkjanna og umslaganna, að maður þorir ekki að nefna upphæðina sem fengist fyrir þau á uppboðum," sagði Gísli Sigurbjörnsson, forstjóri Elliheimilisins Grundar, er hann fylgdi blaðamönnum Vísis um salarkynni Kjarvalsstaða í gær. Á föstudaginn verður þar opnuð Frímerkjasýning í tilefni 100 ára afmælis íslenzka frímerkisins.

Gísli Sigurbjörnsson er sem kunnugt er mikill frímerkjasafnari, og var hann um skeið einn helzti frímerkjakaupmaður á Íslandi.

„Sýningin er tryggð fyrir 100 milljón krónur. En verðmæti þess er hér er inni, er langtum meira. Mér finnst þessi sýning vera mikill viðburður. Hérna eru samankomin stærstu og dýrustu söfn af íslenzkum frímerkjum, sem til eru. Það verður aldrei tækifæri til að sjá þetta allt á einum stað aftur."


Það er bara verst ef einhver kemur hingað á sýninginguna og sér þar frímerkið eða umslagið sem hann fleygði um árið, en er nú tugþúsunda virði".

Iðnaðarmenn voru í óða önn að ganga frá fyrir sýninguna, þegar við gengum þarna um í gær. Hátt á annað hundrað rammar eru á sýningunni, og er þar allt á milli fyrstu íslenzku frímerkjanna, og upp í það nýjasta. Ekki ber minna á alls konar umslögum og stimplunum.


Sigurður H. Þorsteinsson, sem er blaðafulltrúi sýningarinnar, kom aðvífandi, og sagði okkur að ef örkin af fyrstu íslenzku frímerkjunum lenti á uppboði, þá væru boðnar hátt upp í 30 til 40 milljónir fyrir örkina.

540 frímerki hafa verið gefin út á Íslandi í þessi 100 ár, og segja fróðir menn að það sé ekki mikið.

-ÓH.



Gísli stendur þarna við frumteikningar af frímerkjum, sem allir þekkja, flugfrímerkjunum. Á frímerkjasýningunni er mikið af frumteikningum af ýmsum merkilegum frímerkjum.



Eitt hinna 156 herbergja hótelsins. Hér ætti ekki að væsa um neinn. Og frá svölunum er útsýni yfir ströndina.

ÞAÐ ÆTTI AÐ FARA VEL UM SUMARSTÚLKU VÍSIS

Einhver stúlknanna á bls. 8-9 kemur til með að fara með Sunnu til Mallorca í haust og búa á því stórglæsilega hóteli Gran Hotel El Cid, sem stendur við Arenal-ströndu.

Öll herbergin eru með sér baðherbergi, svölum og síma. Og öll snúa þau út að ströndinni. Setustofurnar eru einstaklega þægilegar og skemmtilegar, en þeir sem ekki vilja dvelja innan dyra geta stundað bowling, tennis eða mini-golf fyrir utan hótelið. Hótelið býður gestum sínum líka aðgang að eigin sundlaugum, sem eru þrjár talsins. Annars eru ekki nema fáeinir metrar niður á hina frægu sandströnd, Arenal.

Og á kvöldin er ekki heldur langt að leita skemmtunar: Veitingastaðirnir á fyrstu hæð hótelsins eru hver öðrum glæsilegri og á hverju kvöldi leikur stór hljómsveit fyrir dansi.

Að sjálfsögðu má búast við því, að Sumarstúlkuna okkar langi til að skoða sig um á þessari spönsku eyju. Standa henni þá ókeypis til boða allar skoðunarferðir, sem Sunna fer með sitt fólk.

Og að lokum má geta þess, að Sumarstúlkan fær vasapeninga frá Vísi. Það eru 60 pund eða sem svarar 14 þúsund íslenzkum krónum.

— ÞJM.



Þennan jeppa áttu menn að fá fyrir næsta lítið verð, og síminn varð rauðglóandi hjá þeim í jeppadeildinni hjá Agli.



Séð inn í eina hinna glæsilegu setustofa hótelsins. Þar er hægt að setjast niður og skrifa póstkortin heim á meðan hvað heitast er útifyrir.